

## II. KAFLI

### Breyting á [lögum um íslensk landshöfuðlén, nr. 54/2021.](#)

#### Ný 2. gr.

Við 1. mgr. 4. gr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: 15. *Raunverulegur stjórnandi er einstaklingur, einn eða fleiri, sem raunverulega stjórnar eða hefur umsjón með léni.*

#### 2. gr. verður 3. gr.

Við 2. mgr. 9. gr. laganna bætist fjórir nýir málsliðir, svohljóðandi: Reglur um skráningu léna skulu geyma upplýsingar um hvernig réttmæti upplýsinganna er sannreynt **og hvernig viðhaldi þeirra eða uppfærslu er háttað** og skulu **reglurnar** birtar opinberlega. ~~Sama gildir um skráningarupplýsingar sem ekki teljast til persónuupplýsinga.~~ Skráningarupplýsingar skulu innihalda nauðsynlegar upplýsingar til að unnt sé að kanna þær nánar með því að hafa samband við rétthafa, ~~léna og~~ tæknilegan tengilið **og raunverulegan stjórnanda** léna. Skráningarupplýsingar skulu að lágmarki hafa að geyma eftirfarandi:

- heiti léns,
- dagsetningu skráningar léns,
- nafn rétthafa **og raunverulegs stjórnanda léns,**
- netfang rétthafa, ~~og~~ tæknilegs tengiliðs **og raunverulegs stjórnanda léns.**

4. mgr. 9. gr. verður að 5. mgr. og 3. mgr. verður að 4. mgr. Ný 3. mgr. bætist við, svohljóðandi: Í reglum skráningarstofu skal koma fram að heiti léns skuli vera í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands og ekki vera til þess fallið að skaða orðspor landsins. Jafnframt skal koma fram að ekki sé heimilt að heiti léns tengist refsiverðri starfsemi eða brjóti gegn gildandi lögum, m.a. með því að reynt sé að villa um eða líkja eftir öðru léni, hvort sem það er í notkun hjá opinberum stofnunum, lögaðilum eða einstaklingum.

#### 3. gr. verður 4 gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. B-liður 1. mgr. orðast svo: ef lén er notað til að miðla efni sem er til þess fallið að hvetja til eða stuðla að broti á almennum hegningarlögum sem varðað getur sex ára fangelsi eða miðlun efnisins getur varðað við 121. gr., 175. gr. a, 199. gr. a, 206. gr., 210. gr. a, 210. gr. b, 232. gr., 232. gr. a, 233. gr., 233. gr. a og 233. gr. b almennra hegningarlaga, enda krefjist ríkir almanna- eða einkahagsmunir þess að léninu verði lokað.

b. Í stað orðanna „opinbers máls og öflun sönnunargagna í 2. mgr. kemur: rannsókn sakamáls.

#### 4. gr. verður 5 gr.

Á eftir 11. gr. laganna kemur ný grein, 11. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

#### *Upplýsingar um rétthafa og raunverulegan stjórnanda léns.*

Skráningarstofu er skylt að verða við beiðni lögreglu, ~~héraðssaksóknara~~ **rákærvalds**, Fjarskiptastofu, netöryggissveitar og Persónuverndar um upplýsingar um hver sé, **á þeim tíma sem slík beiðni er lögð fram**, rétthafi tiltekins léns, ~~og~~ tæknilegur tengiliður þess **og raunverulegur stjórnandi** ~~samkvæmt skráningu í rétthafaskrá.~~ Skráningarstofu og skráningaraðilum er jafnframt skylt að verða við tilmælum lögreglu um aðstoð við rannsókn sakamáls. Skráningarstofa skal setja sér verklagsreglur um viðbrögð við beiðnum um aðgang yfirvalda að persónuupplýsingum notenda.